

Pegasus ehf  
Sóltúni 24  
105 Reykjavík

Vestmannaeyjum 16. maí 2018  
UST201805-106/P.V.B.  
09.08.02

### **Efni: Akstur utan vega - Valahnúk**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Pegasus kvikmyndagerðar, dagsett 14. maí 2018, um leyfi til aksturs utan vega á stíg við Valahnúk á Reykjanesi þann 17. maí í tengslum við kvikmyndatöku. Svæðið er innan svæðis nr. 106. Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhalda skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndagerðar, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt sbr. 2. mgr. 31. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

#### ***Lýsing framkvæmdar:***

Kvikmyndatakan sem slík er ekki leyfis skyld á viðkomandi svæði af hálfu Umhverfisstofnunar en utanvegaakstur vegna kvikmyndatökunnar er það. Til stendur að staðsetja tvo jeppa á stíg sem liggur að Valahnúk. Eru bílarnir hluti af leikmynd og munu vera kyrrstæðir á meðan tölur fara fram. Gert er ráð fyrir að keyra þurfi bílana 50 metra eftir stígnum. Stígurinn verður rakaður eftir að tölur hafa farið fram til að eyða ummerkjum.

#### ***Áhrifamat:***

Umhverfisstofnun metur, miðað við ofangreinda verkefnalýsingu, að framkvæmdin muni að öllum líkindum ekki valda röskun á svæðinu ef tryggt er að eingöngu verði ekið innan marka göngustígsins og ferðir takmarkaðar eins og kostur er. Framkvæmdin mun valda tímabundinni truflun á upplifun gesta á svæðinu þar sem mikill fjöldi ferðamanna heimsækir svæðið á degi hverjum.

#### ***Skilyrði***

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega við Valahnúk þann 17. maí að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal landverði Umhverfisstofnunar á Reykjanesi hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breyting á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 12 klst fyrirvara sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega, umfram þann er leyfi þetta nær til, er óheimill.
- Óheimilt er að skaða eða trufla dýralíf.

- Þar sem þarf að fara út fyrir vegi skal það tryggt að það valdi ekki gróðurskemmdum. Afmarka þarf akstursleiðina vel þannig að hún fari ekki yfir gróður.
- Umhverfisstofnun skal sendur gps ferill akstursins að verkefni loknu, sbr. 5. mgr 31. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.
- Settar verði upp merkingar á tókustöðum og/eða starfsmaður verkefnisins verði til staðar og upplýsi gesti vegna kvikmyndatökunnar. Sérstaklega skal taka fram að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatöku og akstri utan vega.
- Sjáist í myndinni að bíl sé ekið utan vega skal þess getið í texta að slíkt sé óleyfilegt á Íslandi og að um undantekningu sé að ræða sem leyfi hafi fengist fyrir hjá Umhverfisstofnun.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg og vatn.
- Takamarka skal þann tíma sem kvikmyndað er eins og kostur er með tilliti til upplifunar annarra gesta á svæðinu. Bent er á að fæstir ferðamenn eru snemma morguns eða að kvöldi til á ferðinni og þeir tímar því oft hentugir til kvikmyndatöku.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski fjarlægja öll ummerki um athafnir að tókum loknum. Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðin og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt. Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðunum að því loknu.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Umhverfisstofnun bendir á að leyfi eins og hér er veitt geta virkað hvetjandi á aðra sem heimsækja svæðið til að aka utan vega. Tökustaðurinn er fjölsóttur. Mjög mikilvægt er að það komi skýrt fram að svæðið sé lokað fyrir annarri umferð, aðeins sé verið að leyfa akstur um stíginn af sértökum ástæðum.

Umhverfisstofnun bendir á að Almannavarnarnefnd Suðurnesja hefur lokað Valahnúk fyrir umferð af öryggisástæðum.

### Leyfisgjald

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir akstur utanvega vegna kvikmynda- og ljósmyndatöku er 39.400.- sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


### Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðstjóri



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir  
Sérfræðingur